

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahrepps
Kjarna
650 Laugar



Reykjavík 11. maí 2016
UST201604-048/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsa í landi Miðhvamms í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi frístundahúsa í landi Miðhvamms í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Skipulagssvæðið


Skipulagssvæðið nær til 1 ha spildu sem liggur milli núverandi bygginga í Miðhvammi og Hvammsvegur. Til stendur að reisa tvö frístundahús á ofangreindu svæði sem er tún. Frístundahúsin munu verða nýtt í þjónustu við ferðamenn.

Í deiliskipulaginu kemur fram að þakfletir skuli vera í dökkum litum sem falli best inn í landslagið og að veggfletir skuli vera í náttúrulegum tónum. Umhverfisstofnun bendir á að viðkomandi umhverfi er manngert þar sem tillagan nær yfir slétt tún og landbúnaðarmannvirki. Stofnunin telur því mikilvægt að væntanleg frístundahús falli að þeim byggingum sem fyrir eru á svæðinu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda skipulagsáætlun.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur